

**Nd.**

**616. Frumvarp til laga**

**[184. mál]**

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins, ásamt tillögum sínum“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sveitarstjórn, sem leggur úrskurð á beiðnina.

3. gr.

Í stað orðanna „lögsagnarumdæmi“ og „lögreglustjóri“ í 5. gr. laganna komi: sveitarfélagi, sveitarstjórn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skulu sveitarstjórnir innheimta, og fellur hann í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1954. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annan gjalddaga fyrir á árinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim lögum, er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. maí 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs í umdæminu skrá yfir fasteignaskattsgjaldendur í sveitarfélaginu, og sé á skránni tilgreindur skattur hvers gjaldanda fyrir árið 1954.